

Ákærði Einar Pálsson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Gunnari A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 10.000.00.

Ákærði Pétur Eggerz Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Eyjólfí Konráð Jónssyni héraðsdómslögmanni, í málsvarnarlaun kr. 8.000.00.

Ákærði Guðbjartur Heiðdal Eiríksson greiði skipuðum verjanda sínum í málinu, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 6.000.00.

Ákærði Knud Alfred Hansen greiði skipuðum verjanda sínum, Hauki Jónssyni héraðsdómslögmanni, í málsvarnarlaun kr. 5.000.00.

Ákærðu greiði in solidum annan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda í málinu, Loga Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 14.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 103/1961. **Ólafur Þorgrímsson**
 gegn
Helga Benediktssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestun uppboðs samkvæmt lögum nr. 48/1961.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1961. Barst Hæstarétti kæran 5. júní 1961. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir uppboðshaldara að halda uppboðsmálinu fram og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur

og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Aðfararbann það, sem sett er í 3. gr. laga nr. 1/1961 og nú í 3. gr. laga nr. 48/1961, tekur yfir uppboð til fullnægju á kröfu þeirri, sem sóknaraðili hyggst innheimta. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Vestmannaeyja 24. maí 1961.

Með beiðni, dags. 7. febrúar 1961, fór Sveinn Finnsson héraðs-dómslögmaður þess á leit af hálfu Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmans, Reykjavík, að seld yrði á opinberu uppboði fasteignin Hábær ásamt peningshúsum tilheyrandi og hlöðu og lóðarleiguréttindum, eign Helga Benediktssonar útgerðarmanns, Hásteinsveg 44 í Vestmannaeyjum, til lúkningar skuld samkvæmt dómsátt, gerðri fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 21. nóvember 1960, að fjárhæð kr. 200.000.00, auk vaxta frá 27. janúar 1960 til greiðsludags svo og málskostnaði, kr. 16.257.00, og öllum kostnaði, þar á meðal fjárnámskostnaði, en umræddar eignir voru teknar fjárnámi af uppboðsbeiðanda þann 7. febrúar 1961 til tryggingar öllum kröfum samkvæmt dómsáttinni.

Uppboðsbeiðnin var tekin til greina og uppboðið auglýst í Lögbirtingablaðinu, sem út kom þann 1., 4. og 16. marz s.l., og skyldi fara fram þann 17. apríl. Hófst uppboðið síðan þann dag. Mætt var af hálfu uppboðspola og þess óskað, að uppboðinu yrði frestað. Með samþykki uppboðsbeiðanda var tveggja vikna frestur veittur og næsta uppboðsþing ákveðið þann 2. maí.

Síðla dags þess 17. apríl barst bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum svohljóðandi símskeyti frá stjórn Stofnlánadeildar sjávarútvegsins:

„ÞAÐ TILKYNNIST YÐUR MEÐ TILVÍSUN TIL 3. GREINAR BRÁÐABIRGÐALAGA 1/1961 UM STOFNLÁNADEILÐINA SAMANBER 6. GREIN REGLUGERÐAR NR. 2/1961 AÐ VÉR AÐ FENGNUM TILLÖGUM ÚTVEGSBANKANS AÐALVIÐSKIPTABANKA HELGA BENEDIKTSSONAR VEST-

MANNAEYJUM TELJUM ÞÖRF Á OG HÖFUM HAFIÐ AT-
HUGUN ÞÁ SEM UMGETUR Í TILVITNUÐUM LÖGUM OG
REGLUGERÐUM Á FJÁRHAG HELGA BENEDIKTSSONAR
OG TÖKUM OSS FYRST UM SINN FREST TIL 20. JÚNÍ
1961 TIL ATHUGUNARINNAR“.

Er uppboðið kom fyrir hinn 2. maí s.l., varð ekki samkomulag um frekari frestun, og kröfðust báðir aðilar úrskurðar. Uppboðsbeiðandi gerði þær kröfur, að uppboðið færi þegar fram og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi uppboðspola. Af hálfu uppboðspola var þess hins vegar krafizt, að uppboðinu yrði frestað fram yfir 20. júní 1961 og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðanda. Að sókn og vörn lokinni var atriðið tekið undir úrskurð þann sama dag.

Uppboðspoli telur, að þar eð hann hafi sótt um lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins og stjórn deildarinnar hafi tekið þá ákvörðun, sem fram kemur í tilvitnuðu símskeyti, þá sé skylt að veita hinn umbeðna frest. Vitnar hann í því sambandi til þeirra lagaákvæða, sem ræðir um í skeytinu. Uppboðsbeiðandi telur aftur á móti, að ákvarðanir stjórnar stofnlánadeildar geti að lögum engin áhrif haft á framgang þess uppboðs, sem hér liggur fyrir.

Í 3. gr. laga nr. 1/1961, nú laga nr. 48/1961, segir, að þegar stjórn stofnlánadeildar telji þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda og hafi tilkynnt það skiptaráðanda, eins og nánar er lýst í greininni, þá sé „hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum . .“ o. s. frv. Uppboðsbeiðandi telur, að ákvæði þetta beri að skýra þröngt og geti ekki átt við uppboðsgerðir, sem séu annars eðlis en kyrrsetning og aðför, og einnig geti það ekki náð til gerða, sem byrjað er á, þegar tilkynning berst frá stofnlánadeild. Rétturinn lítur hins vegar svo á, að tilgangi löggjafans verði ekki náð, nema því aðeins að stöðvunarheimildin taki einnig til uppboðsgerða, og með rýmkandi lögskýringu falla slíkar gerðir undir orðið aðför í hinu tilvitnaða ákvæði. Samkvæmt orðum greinarinnar og eðli málsins virðist stöðvunarheimildin einnig ná til gerða, sem hafnar eru, þegar stofnlánadeildin tilkynnir ákvörðun sína.

Uppboðsbeiðandi bendir á, að í 1. gr. tilvitnaðra laga sé eingöngu rætt um fyrirtæki, er stundi sjávarútveg og fiskvinnslu. Samkvæmt 2. grein skuli lán aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins. Þá sé og í athugasemdum við frumvarpið rætt um nauðsyn þess, „að ákvæði séu

sett um heimild til tímabundinnar innheimtustöðvunar, sem grípa megi til, ef á þarf að halda til þess að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun...“ Hinn rauði þráður í lagasetningu þessari séu aðgerðir til hagsbóta fyrir útgerð og fiskvinnslu með hagkvæmum lánveitingum og aðfararstöðvun, meðan verið er að ganga frá lánunum. Aðfararbannið nái því aðeins til aðfarar, er leitt geti af sér rekstrarstöðvun hjá útgerðar- eða fiskvinnslufyrirtækjunum. Af því leiðir, að þegar aðförin snertir ekki þenna atvinnurekstur, fellur hún ekki undir 3. gr. laganna, heldur fari um þá aðför eftir almennum reglum. Nú standi einmitt þannig á um uppboðið, sem hér liggur fyrir, þar eð fasteignin, sem bjóða á upp, sé eingöngu notuð við landbúnað uppboðspola og snerti á engan hátt útgerð eða fiskvinnslu. Framkvæmd uppboðsins myndi því ekki valda neinni rekstrarstöðvun á útgerð hans né hafa á nokkurn hátt áhrif á það hagræði, sem hann kynni að geta haft samkvæmt ákvæðum laganna. Að lokum bendir uppboðsbeiðandi á, að krafan, sem á bak við uppboðið stendur, sé með öllu óviðkomandi útgerðarrekstri uppboðspola og eigi rót sína að rekja til sviksamlegs athæfis hans, og sé því óeðlilegt og jafnvel ósamrým-anlegt tilgangi löggjafans, ef slík krafa ætti að sæta aðfararbanni, þegar þess er gætt, að Alþingi heimilaði, að vissar kröfur, sem rísa af útgerðarrekstri og fiskvinnslu, skyldu vera undanþegnar aðfararbanni 3. gr. laganna.

Ljóst er, að eignin, sem selja skal, er ekki meðal þeirra, sem veðhæfar eru gagnvart Stofnlánadeild sjávarútvegsins samkvæmt tilvitnuðum lögum. En í 1. málsg. 2. greinar laganna er fram tekið, að auk veðtryggingar í tilteknum eignum skulu lánin veitt „með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis“. Af ákvæði þessu leiðir, að það getur skipt verulegu máli fyrir framgang lánveitinga, ef viðskiptabanki lánbeiðanda á þess kost að fá sérstaka tryggingu fyrir ábyrgð sinni og þá meðal annars í eignum, sem ekki eru veðhæfar gagnvart stofnlánadeild. Þykir því bera að líta svo á, að aðfararþann 3. gr. laganna nái ekki eingöngu til eigna, sem veðhæfar eru gagnvart stofnlánadeild, heldur einnig til annarra eigna lánbeiðanda.

Uppboðspoli hefur andmælt frásögn uppboðsbeiðanda um tilorðningu uppboðskröfunnar. Í málinu liggur fyrir, að grundvöllur fjárnámsins, sem uppboðið byggist á, var dómsátt, gerð á bæjarþingi Reykjavíkur. Dómsáttin hefur ekki inni að halda neinar upplýsingar, er gefa til kynna, af hvaða rótum krafan er runnin. Önnur gögn varðandi kröfuna liggja ekki fyrir. Að svo vöxnu

máli er ekki í ljós leitt, að uppboðskrafan sé meðal þeirra, sem undanþegnar eru aðfararbanni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið fram tekið, þykir bera að taka framkomna kröfu um frestun uppboðsins til greina, og verður því frestað til 21. júní n.k.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Vegna anna við embættið hefur dregizt að kveða upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Uppboðinu er frestað til 21. júní 1961.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 23. júní 1961.

Nr. 64/1961. **Siggeir Vilhjálmsson** (Árni Stefánsson hrl.)
gegn

Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. marz 1961. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var sótt þing við þingfestingu málsins í Hæstarétti, en síðar ekki. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tl. 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir fram lögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Stefndi hafði áfrýjað fjárnámsgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi